



Brunavarnir A-Hún.

Mánudaginn 5. mars 2007 kom stjórn Brunavarna A-Hún ásamt fulltrúum frá slökkviliði Skagastrandar saman til fundar á skrifstofu Blönduósbæjar kl. 16:00. Mæting skv. undirskriftum.

Dagskrá:

1. Samstarf Brunavarna og Slökkviliðs Skagastrandar
2. Önnur mál

Afgreiðslur:

1. Samstarf Brunavarna og Slökkviliðs Skagastrandar

Fundur var haldinn 21. febrúar í Brunavörnum A-Hún. og þ. 27. febrúar 2007 í Slökkviliði Skagastrandar þar sem slökkviliðsmönnum voru kynntar hugmyndir um sameiningu slökkviliðanna.

Undirtektir á báðum stöðum voru á þá leið að menn vildu sjá nánari útfærslu áður en ákvörðun yrði tekin um sameiningu.

Niðurstaða fundarins er að Ágúst Þór Bragason, muni stýra stefnumótunarvinnu um tilhögun á skipulagi slökkviliðanna miðað við að þau yrðu sameinuð. Ákveðið er að Andrés Leifsson og Helgi Gunnarsson komi að þessari vinnu, auk tveggja slökkviliðsmanna sem þeir velja með sér.

Gert er ráð fyrir að þeir kynni niðurstöður sínar í kringum 15. apríl 2007.

2. Önnur mál.

a) Bréfasamskipti við Brunamálastofnun

Hulda Ragnheiður lagði fram bréf til Brunamálastofnunar þar sem óskað var eftir styrk vegna undirbúnings að sameiningu.

Kynnt var svar brunamálastjóra þar sem hann telur að styrkveiting hafi þegar farið fram vegna þessa útgjaldaliðar á árinu 2003.

b) Þátttakendur í viðræðum um samstarf/sameiningu slökkviliðanna

Ákveðið að fulltrúar Skagabyggðar verði boðaðir á næsta fund undirbúningsnefndarinnar.

c) Frestun á frekari samvinnu við slökkvilið á svæðinu

Ákveðið var að fresta frekari viðræðum við önnur slökkvilið á svæðinu á meðan þessi stefnumótunarvinna fer fram.

Fundargerð upplestin og samþykkt. Fundi slitið kl. 16.45

Ágúst Þór Bragason (sign.)

Gróa Lárusdóttir (sign.)

Jón Aðalsteinn Sæbjörnsson (sign.)

Andrés Leifsson, slökkviliðsstjóri (sign.)

Jens Jenssen (sign.)

Magnús B. Jónsson (sign.)

Helgi Gunnarsson (sign.)

Hulda Ragnheiður Árnadóttir (sign.)